
ORKUNÝTINGARSTEFNA SASS 2017 - 2030

ORKUNÝTINGARNEFND



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

OKTÓBER 2017

TILLAGA AÐ ORKUNÝTINGARSTEFNU SVEITARFÉLAGA Á STARFSSVÆÐI SASS 2017-2030

Markmið

- Landshlutinn verði þekktur fyrir orkunýtingu sem byggir á gæðum og hreinleika.
- Staðinn verði vörður um hagsmuni sveitarfélaganna sem snúa að virkjun og nýtingu orku innan svæðisins.
- Sveitarfélög innan svæðisins njóti ávallt hags af nýtingu orkunnar. Hagur af nýtingu orkuauðlinda getur verið með beinum tekjum vegna framleiðslu orkunnar eða af rekstri sem nýtir orkuna.
- Ný eftirsóknarverð störf verði til innan svæðisins samhliða orkunýtingu.
- Tryggð verði ábyrg nýting orkuauðlinda, þ.e. á sjálfbæran hátt í sátt við samfélagið og með virðingu fyrir náttúrunni.

Nýtingarflokkar

- Nýjar vatnsaflsvirkjanir, að undanskyldum smávirkjunum (minni en 10 MW), verða ekki heimilaðar nema sýnt verði fram á að verulegur fjöldi verðmætra og nýrra starfa verði til innan sveitarfélaganna.
- Frekari nýting eða orkuöflun í háhita verður ekki heimiluð nema sýnt verði fram á að verulegur fjöldi verðmætra og nýrra starfa verði til innan sveitarfélaganna.
- Skilyrði fyrir nýtingu háhita verði að allir orkustraumar sem úr vinnslunni koma verði nýttir að einhverju leyti.
- Virkjaður lághiti innan svæðisins verði nýttur innan sveitarfélaganna.
- Nýting á vindorku verði ekki heimiluð nema hún sé í sátt við samfélagið, umhverfið og náttúruna.

Tillögur og aðgerðir

- Kláruð verði sameiginleg greining á innviðum sveitarfélaga innan SASS.
- Skilgreind verði 3-4 uppbyggingarsvæði samhliða innviðagreiningu sem eru líkleg til að geta nýtt orku af svæðinu.
- Tekið verði upp formlegt samstarf um uppbyggingu, nýsköpun og fjárfestingarmöguleika við þá aðila sem tengjast orkuöflun og nýtingu hennar, s.s. orkufyrirtæki, flutningsaðila orku, Íslandsstofu og Nýsköpunarmiðstöð.
- Sveitarfélögin hafi áhrif á stefnumótun ríkisins á sviði orkunýtingar, sérstaklega m.t.t. til rammaáætlunar og náttúruverndar.
- Að dreifikerfi orku verði styrkt innan starfssvæðis SASS og lagnir verði lagðar í jörðu þar sem þess er nokkur kostur.
- Að ráðist verði sem fyrst í orkuskipti þar sem því verður við komið.
- Höfuðstöðvar Landsvirkjunar og ON verði fluttar á starfssvæði SASS.
- Stjórn SASS vinnur að þessum verkefnum og tímasetur aðgerðir.

GREINARGERÐ MEÐ ORKUNÝTINGARSTEFNU SASS 2017 - 2030

ORKUNÝTINGARNEFND



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

OKTÓBER 2017

EFNISYFIRLIT

Tillaga að orkunýtingarstefnu sveitarfélaga á starfssvæði SASS 2017-2030.....	1
Markmið.....	1
Nýtingarflokkar	1
Tillögur og aðgerðir.....	1
Formáli	4
Erindisbréf.....	5
Fundargestir og staða mála.....	6
Orkuveita Reykjavíkur og Orka náttúrunnar.....	6
HS Orka	6
Landsnet	6
RARIK.....	7
Orkusalan og RARIK orkuþróun (RED)	7
Íslandsstofa	7
Nýsköpunarmiðstöð (NMI)	8
Orkustofnun (OS).....	8
Landsvirkjun (LV).....	8
Staðan í dag.....	10
Orkuframleiðsla	10
Notkun á suðurlandi	11
Áætlanir um virkjanir	12
Lokaorð	13
Viðauki - RAFORKUSPÁ TIL 2050	14

FORMÁLI

Á stjórnarfundum SASS þann 6. apríl sl. voru fimm fulltrúar skipaðir í orkunýtingarnefnd. Nefndina skipa sveitarstjórnir Jón Valgeirsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnsteinn R. Ómarsson, Nanna Jónsdóttir og oddvitinn Eva Björk Harðardóttir. Með nefndinni störfuðu starfsmenn SASS þeir Bjarni Guðmundsson og Þórður Freyr Sigurðsson og einnig kom Hrafn Sævaldsson, ráðgjafi hjá Þekkingarsetrinu í Vestmanneyjum að vinnu nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar var að koma með tillögur að áætlun um orkunýtingu á Suðurlandi fyrir árin 2017-2030 og tók hún til starfa í maí sl.

Í Sóknaráætlun Suðurlands fyrir árin 2016-2020 var m.a. eftirfarandi stefna mörkuð. Einkenni landshlutans skulu felast í mannauði, náttúru og samtakakrafti. Þar kemur jafnframt fram að framtíðarsýn Suðurlands í atvinnusköpun byggir á sjálfbærri nýtingu á auðlindum landshlutans. Leiðarljós Sóknaráætlunar byggir m.a. á grunni gæða, hreinleika og umhverfisvitundar. Megin áherslur Sóknaráætlunar til 2020 eru að skapa jákvæða ímynd af Suðurlandi sem byggir á gæðum og hreinleika, vinna að umhverfisvakningu með sjálfbærni að leiðarljósi og auka sjálfbæra nýtingu á orku og auðlindum.

Framangreint eru grunnstef í eftirfarandi orkunýtingarstefnu SASS 2017 – 2030.

Hér á eftir er gerð grein fyrir störfum orkunýtingarnefndar og hver hún telur að stefna sveitarfélaga á Suðurlandi ætti að vera í orkunýtingarmálum í landshlutanum.

ERINDISBRÉF

Tilgangurinn með vinnu nefndarinnar er að marka stefnu fyrir Suðurland í orkunýtingarmálum. Það er sýn stjórnar SASS að orkunýtingaráætlun Suðurlands muni nýtast til þess að tryggja enn frekar að orka sem framleidd er á Suðurlandi nýtist í landshlutanum, samfélaginu til hagsbóta.

Hlutverk nefndarinnar er að:

- Vinna tillögu að orkunýtingaráætlun fyrir Suðurland til næstu 14 ára, frá 2017 til 2030. Tillagan þarf að ná yfir orku í formi vatnsafls, jarðvarma og vindorku sem til er á Suðurlandi.
- Koma með tillögur um hvernig framkvæmdir tengdar orkunýtingu geti orðið íbúum Suðurlands til hagsbóta.
- Skila orkunýtingaráætlun Suðurlands í skýrsluformi til stjórnar SASS.

FUNDARGESTIR OG STAÐA MÁLA

Alls hélt nefndin sex fundi. Á fundi hennar komu fulltrúar frá eftirtöldum fyrirtækjum: Íslandsstofu, Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Orku náttúrunnar, HS Orku, RARIK, Orkusölnunni, RED, Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Landsneti.

Í kaflanum hér á eftir er gerð grein fyrir helstu atriðum sem fram komu á fundum með fulltrúum framangreindra fyrirtækja.

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR OG ORKA NÁTTÚRUNNAR

Gestir: Bjarni Bjarnason, forstjóri OR og Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri ON.

- Viðsnúningur hefur orðið á rekstri OR á undanförunum árum og fyrirtækið styrkst.
- Framkvæmdir við stækkun hreinsistöðva við Hellisheiðarvirkjun eru fyrirhugaðar.
- OR telur ekki þörf á hálendislínu til að auka orkuöryggi á Íslandi, nægjanlegt væri að tengja Austurland saman sem heild.
- Hugmyndir eru uppi um jarðhitagarð í tengslum við virkjanir ON, en um 100 hektara svæði er skipulagt á Hellisheiði undir orkufrekan iðnað. Meðal hugmynda um starfsemi eru þörungaverksmiðja, framleiðsla á fóðri fyrir fiskeldi, vistvænt eldsneyti og vetni. Nú þegar starfar fyrirtækið GeoSilica á svæðinu.
- Tæknilega er hægt að flytja heitt vatn frá svæðinu allt til Hornafjarðar.

HS ORKA

Gestir: Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri framleiðslu og orkusölu og Jóhann Sigurbergsson forstöðumaður viðskiptaþróunar.

- HS Orka framleiðir bæði raforku og heitt vatn, en uppsett afl virkjana fyrirtækisins er um 174 MW í raforku og 190 MW í varmaorku.
- Fyrirtækið hefur nokkra sérstöðu í samningum við smávirkjanir sem samtals gefa um 20 MW. Ýmsir möguleikar eru í skoðun á frekari uppbyggingu, m.a. Hverfisfljót (7 MW), Brúárvirkjun (10 MW) auk nokkurra annarra smávirkjana 1-4 MW að stærð. Ef af Búlandsvirkjun verður eru þar 150 MW.
- Tækifæri sem HS Orka sér fyrir Suðurland eru m.a. gagnaver, ylrækt, þörungarækt og pappírframleiðsla.
- Ýmsir möguleikar við framleiðslu raforku frá lághitu og tengingu beint við notkunarstaði án aðkomu dreifiveitu.

LANDSNET

Gestir: Gnýr Guðmundsson, verkefnastjóri áætlana, þróunar- og tæknisviðs og Svandís Hlín Karlsdóttir viðskiptastjóri.

- Byggðalínan er fulllestuð, en styrkingar á henni eru fyrirhugaðar í Kerfisáætlun Landsnets.

- Svæðisbundin flutningskerfi á Suðurlandi eru einnig þungt lestuð, en auðvelt er að auka flutningsgetu þeirra. Það kallar á fjárfestingu sem verður ekki ráðist í nema þörf sé fyrir orkuna.
- Raunverulegir möguleikar fyrir nýja orkufreka starfsemi eru í dag eingöngu á höfuðborgarsvæðinu, Bakka og Reykjanesi.
- Landsnet telur æskilegt að sveitarfélög á Suðurlandi álykti um ástand og flutningsgetu kerfisins.

RARIK

Gestur: Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri.

- Í dag eru 57% raforkuflutningskerfisins í jörðu og er áætlað að árið 2035 verði það allt komið í jörðu.
- Unnið verður að endurnýjun á eins- og þriggjafasakerfum til 2035. Þá tekur við endurnýjun strengja.
- Mat RARIK er að ekki sé framtíð í 66kV kerfi á Suðurlandi.
- RARIK telur út frá umhverfislegum, fjárhagslegum og öryggislegum sjónarmiðum eðlilegra að ný byggðalína fari yfir Sprengisand heldur en um friðland að Fjallabaki.

ORKUSALAN OG RARIK ORKUÞRÓUN (RED)

Gestir: Magnús Kristjánsson, framkvæmdastjóri Orkusölnunnar og Steinar Friðgeirsson, framkvæmdastjóri RED.

- Áform eru um virkjun í Hólmsá sem er nú í biðflokki. Afl er áætlað 65-70 MW.
- Verkefnið er tilbúið til verkhönnunar og umhverfismats.
- Uppbygging jarðbaða í Ölfusdal er fyrirhuguð, en þar er gert ráð fyrir 5-6 milljarða fjárfestingu.
- Talið er mögulegt að framleiða um 8-10 MW í Ölfusdal.
- RARIK hefur rannsakað virkjun sjávarfalla. Vegna kostnaðar er ekki talið að slíkt verði raunhæft fyrr en eftir 20-30 ár.

ÍSLANDSSTOFA

Gestir: Þórður H. Hilmarsson, forstöðumaður erlendra fjárfestingar, Kristinn Hafliðason, Arnar Guðmundsson og Einar Hansen Tómasson verkefnisstjórar erlendra fjárfestingar.

- Stóriðja er enn mikilvægt viðfangsefni hjá Íslandsstofu en breiddin hefur aukist á síðustu árum. Í dag er talsverður fjöldi af orkuháðum verkefnum til skoðunar enda græna orkan ein helsta ástæðan fyrir því að fyrirtæki sýna Íslandi áhuga. Auk orkuháðs iðnaðar er fjárfest í upplýsinga- og samskiptatækni, fiskeldi, líf- og heilsutækni o.fl.
- Mikil samkeppni er um beina fjárfestingu á milli landa en margir kostir eru við að fá erlenda fjárfesta. Dæmi um slíka kosti eru m.a. aukin þekking, verðmæt störf, takmörkuð rekstraráhætta, aukin samkeppnishæfni og framleiðni.
- Markaðsstarfið felst m.a. í útgáfu upplýsingaefnis, vefsíðu á erlendum tungumálum, greiningu á samkeppnisstöðu Íslands, samstarfi innlendra hagsmunaaðila, að veita

erlendum aðilum upplýsingar og stuðla að erlendri umfjöllun, taka þátt í atvinnugreina-
ráðstefnum og fyrirtækjafundum og hvetja erlenda fjárfesta til heimsóknna til Íslands.

- Frekari uppbygging ferðaþjónustu með samstarfi innlendra aðila við erlenda fjárfesta sem geta aukið þekkingu og veitt aðgang að mörkuðum er talin æskileg. Áhugi erlendis hefur aukist. Unnið er með heimamönnum og atvinnuráðgjöfum.
- Ný verkefni um gagnaver eru að raungerast í samstarfi við orkufyrirtæki og atvinnu-
þróunarfélög.
- Dæmi um verkefni sem tengjast jarðvarma eru smápörungaræktun og koltrefjaframleiðsla en þar er jarðvarmi í lykilhlutverki.

NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ (NMI)

Gestir: Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri og Birgir Jóhannesson verkefnisstjóri efnisfræði málna.

- Ýmis þróunartækifæri eru til skoðunar hjá NMI.
- Framleiðsla á basalttrefjastöngum er samstarfsverkefni erlendra og innlendra aðila, m.a. Íslenskur jarðefnaiðnaður í Þorlákshöfn.
- Ammoníaksverksmiðja er einnig til skoðunar, áætluð orkuþörf er um 1 MW.
- NMI leggur til að haldin verði hugmyndasamkeppni um nýtingu á lág- og háhitasvæðum og eru tilbúnir að koma að samkeppninni.

ORKUSTOFNUN (OS)

Gestur: Jónas Ketilsson staðgengill forstjóra.

- Kortasjá SASS er talin góður grunnur til að halda utan um upplýsingar. OS á þekjur sem geta gagnast, m.a. vegna virkjana yfir 10 MW og hafa verið kynntar í rammaáætlun.
- Stofnunin ætlar að birta upplýsingar um hvar orkukosti er að finna í landshlutanum.
- Sveitarfélög geta óskað eftir því við Orkustofnun að skilgreina virkjun innan sveitarfélagsins og getur þá í framhaldi teiknað lónstæðið, stíflu og aðrennslisgögn.
- Talið er nauðsynlegt að tengja betur saman ramma- og kerfisáætlun um flutning á orku en ólík blanda af orkunýtingu getur haft áhrif á hvar virkjað er, hvar iðnaðarsvæði eru og hvernig tengingum er háttað.

LANDSVIRKJUN (LV)

Alls komu fulltrúar Landsvirkjunar þrisvar sinnum á fundi nefndarinnar. Gestir: Auður Nanna Baldvinsdóttir, Haraldur Hallgrímsson, Sigurður Logi Snæland, Berglind Rán Ólafsdóttir, Óli Grétar Blöndal Sveinsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs, Einar Mathiesen, framkvæmdastjóri orkusviðs og Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri.


- Umræða var um raforkuspá fyrir almennan markað sem unnin er af orkuspárnefnd Orkustofnunar. LV gerir síðan spár um orkuþörf orkufreks iðnaðar á Íslandi. Farið var yfir stöðu og spár í dag með áherslu á Suðurland. Rætt var um samvinnu milli LV og SASS við að kortleggja möguleika fyrir staðsetningu iðnaðar á Suðurlandi.
- Framleiðsla fyrirtækisins er um 14 TWh sem er 75% af heildarframleiðslu raforku á landinu og er að langmestu leyti frá vatnsaflsvirkjunum.

- Landsvirkjun er ekki að kynna sérstaklega ákveðin svæði sem fjárfestingakosti, heldur safna upplýsingum um heppileg svæði fyrir ákveðin verkefni og er þá hlutverk Landsvirkjunar að upplýsa mögulega fjárfesta um þau svæði. Fulltrúar LV greindu frá því að þau væru tilbúin í samvinnu og upplýsingagjöf um hvað sveitarfélögin þyrftu að gera til að geta verið álitlegir staðir fyrir uppbyggingu á raforkufrekri starfsemi.
- Kynnt var vinna með „Energy Ready Zones“ sem byggir á greiningu Landsnets. Skilgreiningin eru svæði sem búa við tilbúið skipulag, þar sem orkan er til staðar sem og flutningsgeta og afhendingarmöguleikar. Bent var á hættuna sem getur skapast þegar afhendingargeta stenst ekki þarfir atvinnulífsins.
- Sérstök kynningargögn hafa verið útbúin um mögulega náttúruvá. Í kynningum fyrir mögulegum viðskiptavinum er mikið spurt um þessi mál.
- Mörg framtíðarverkefni fyrirtækisins eru í vinnslu á Suðurlandi: Hvammsvirkjun, Holt og Urriðafoss; Búrfellslundur; Skrokkalda; Bjallavirkjun og Tungnaárlón; Kjalölduveita; Hágönguvirkjun; Stóra Laxá og Hólmsárvirkjun við Atley. Ákvarðanir fyrirtækisins taka mið af sjálfbærri þróun.
- Í samþykktri þingsáætlun um rammaáætlun eru áætluð 706 MW í nýtingarflokki og 550 MW í biðflokki.
- Landsvirkjun er ljóst að vanda þarf til verka og flýta sér hægt þar sem um flóknar ákvarðanir er að ræða. Það eru margir hagsmunaaðilar og við þá er nauðsynlegt að eiga samtal og samráð.
- Í rammaáætlun er nauðsynlegt að fram fari greining á efnahagslegum ávinningi af virkjunum.

STAÐAN Í DAG


ORKUFRAMLEIÐSLA

Árið 2016 var heildarframleiðsla raforku á Íslandi 2.725 GW og 18.549 GWh.




Stærsti hluti orkunnar eða 77% fer til stórnotenda sem að að langmestu leyti eru álver. Stórnotendur eru í öllum landshlutum nema Suðurlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Til annarra notenda fara um 19% sem skiptast þannig:



Þegar framleiðslan er skoðuð nánar sést að meira en helmingur hennar er frá Suðurlandi eða um 56%:




Árið 2016 nam framleiðslan á Suðurlandi um 1.447 MW og 10.411 GWh. Um 70% eru frá vatnsaflsvirkjunum. Vindorka og smávirðjanir eru ekki í þessum tölum, en í heild eru þar um 4 MW til viðbótar. Eins og staðan er í dag er viðbótin vegna vindorku og smávirðjana einungis 0,3% af framleiðslunni á Suðurlandi.

Fyrirtæki	Virkjun	Tegund	MW	GWh
Landsvirkjun	Búðarháls	Vatnsafl	95	618
Landsvirkjun	Búrfell	Vatnsafl	270	2.335
Landsvirkjun	Hrauneyjafoss	Vatnsafl	210	1.249
Landsvirkjun	Írafoss	Vatnsafl	48	277
Landsvirkjun	Ljósafoss	Vatnsafl	15	114
Landsvirkjun	Sigalda	Vatnsafl	150	895
Landsvirkjun	Steingrímsstöð	Vatnsafl	26	150
Landsvirkjun	Sultartangi	Vatnsafl	120	1.016
Landsvirkjun	Vatnsfell	Vatnsafl	90	372
Samtals LV			1.024	7.026
Orka náttúrunnar	Hellisheiðarvirkjun	Gufuafli	303	2.367
Orka náttúrunnar	Nesjavallavirkjun	Gufuafli	120	1.013
Samtals ON			423	3.380
Heild			1.447	10.406

Auk raforku er mikil vinnsla á heitu vatni á Suðurlandi. Talsverður hluti af vinnslunni er frá virkjunum ON sem eru með uppsetta varmaorku sem nemur 133 MW á Nesjavöllum og 300 MW á Hellisheiði. Um 70% íbúa á Suðurlandi hafa hitaveitu.


NOTKUN Á SUÐURLANDI

Í nýjustu spá frá Orkuspárnefnd er heildarnotkun 2016 á Suðurlandi 640 GWh og eru veitur langstærsti notkunarflokkurinn. Skiptingin á notkun í landshlutanum er eftirfarandi (á myndinni er fremri talan MW og sú síðari %):



Inn í útreikninga Orkuspárnefndar eru teknar upplýsingar um raforkunotkun, raforkuvinnslu, mannfjölda, hagvöxt o.fl. Hins vegar er ekki mat lagt á þróun orkuháðrar starfsemi og takmörkuð skoðun er á þróun samgangna og innviða landshluta.

Í nýlega breyttri spá Orkuspárnefndar fyrir 2017-2050 er framtíðarorkuþörf landshlutanna áætluð. Eftirfarandi spá er fyrir Suðurland árin 2020-2050 (GWh):



Áætluð aukning frá 2015 til 2030 er 8,5%. Raforkunotkun Suðurlands er 4% af heildarnotkun landsins sem er fremur lágt hlutfall, sér í lagi miðað við stærð svæðisins.

ÁÆTLANIR UM VIRKJANIR

Samkvæmt samþykktri þingsályktun um rammaáætlun er gert ráð fyrir eftirfarandi framleiðslu í nýjum virkjunum Landsvirkjunar:

- 706 MW (5.112 GWst) í nýtingarflokki
- 550 MW (3.485 GWst) í biðflokki

Niðurstaða verkefnisstjórnar í 3. áfanga rammaáætlunar um virkjunarkosti Landsvirkjunar á Suðurlandi er (ath. að Alþingi samþykkti að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk):

Biðflokkur	Nýtingarflokkur	Verndarflokkur
Hólmsárvirkjun með miðlunarlóni við Atley	Hvammsvirkjun	Hólmsárvirkjun með miðlun í Hólmsárlóni
Hólmsárvirkjun án miðlunar í Hólmsárlóni	Holtavirkjun	Norðlingaölduveita
Hágönguvirkjun	Urriðafossvirkjun	Kjalölduveita
Búrfellslundur	Skrokkölduvirkjun	Tungnaárlón
Stóra-Laxá		Gjástykki

Margs konar óvissa er varðandi niðurstöður og tímasetningar þessra áforma. Ef allt gengur eftir er ljóst að um verulega aukningu er að ræða hjá fyrirtækinu á komandi árum.

Biokraft ráðgerir að bæta 13 vindmyllum við þær 2 sem fyrir eru við Þykkvabæ. Áætluð viðbót er 45 MW. Önnur vindmyllan brann nýlega og hún framleiðir ekki orku þegar þetta er ritað.

HS orka er með Búlandsvirkjun í vinnslu. Ef hún fær brautargengi er gert ráð fyrir 150 MW þar. Aðrir kostir sem fyrirtækið hefur til skoðunar eru Hverfisfljót í Skaftárhreppi (7 MW), Brúárvirkjun (10 MW) og Hrutárvirkjun (3-4 MW), sem og framleiðsla á Flúðum og Efri-Reykjum.

Verði af þessum áformum er um töluverða aukningu að ræða í orkuframleiðslu. Auk þess má gera ráð fyrir að unnið verði að smávirjunum og öðrum virkjunarkostum á komandi árum og áratugum sem ekki eru tíundaðir hér.

LOKAORÐ

Miklar breytingar hafa orðið á undanegnum árum við undirbúning og öflun tilskilinna leyfa til framkvæmda við virkjanir og ekki síður til dreifingar á raforku. Aðilar sem koma að málaflokknum telja að í dag megi gera ráð fyrir að það taki um 10 – 15 ár að ljúka verkefnum. Því er nauðsynlegt að hugsa vel fram í tímann ef tiltekið magn af orku á að vera til reiðu á ákveðnum stöðum á komandi árum.

Suðurland hefur mikilla hagsmuna að gæta í orkumálum og mikilvægt að staðinn sé vörður um þá hagsmuni. Nauðsynlegt er að horfa til lengri tíma en jafnframt að stöðugt sé leitað tækifæra til að nýta auðlindir á skynsamlegan hátt í sátt við samfélagið og með virðingu fyrir náttúrunni. Skýr stefna um orkunýtingu á svæðinu mun stuðla að eflingu byggða, atvinnuuppbyggingu og án efa auðvelda Suðurlandi að stíga réttu skrefin inn í framtíðina í sátt við samfélagið, umhverfið og náttúruna.

VIÐAUKI - RAFORKUSPÁ TIL 2050

Orkuspárnefnd hefur það hlutverk að spá fyrir um orkunotkun landshluta og Íslands í heild. Nefndin hefur starfað frá 1976 og er samstarfsvettvangur helstu hagsmunaaðila um orkumál. Orkustofnun hefur umsjón með starfi nefndarinnar. Þrjár vinnuhópar eru starfandi undir nefndinni sem gera orkuspár á sínum sérsviðum: raforkuspá, eldsneytisspá og jarðvarmaspá.

Núverandi raforkuspá er til ársins 2050. Nýjasta spáin er frá júlí 2017, en hún byggir á endurmati á spánni frá 2015 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum. Forsendur snúa m.a. að líklegri þróun varðandi mannfjölda, fjölda heimila, landsframleiðslu og framleiðslu atvinnugreina.

Gert er ráð fyrir að aukning fram til 2020 verði um 10% og um 91% alls til 2050. Árleg aukning þessarar notkunar er 1,9% að meðaltali næstu 34 árin.

Taflan er úr raforkuspá 2017-2050 og sýnir áætlaða notkun (*rauntölur) greint niður á landshluta.

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh	Samtals GWh
2010*	199,4	1.286,1	226,5	214,4	403,8	370,5	439,1	3.140
2011*	204,3	1.288,1	233,6	228,4	408,1	381,4	459,0	3.203
2012*	211,5	1.294,3	227,9	224,0	406,3	422,5	482,1	3.269
2013*	207,1	1.298,7	241,2	230,8	419,1	447,0	473,7	3.318
2014*	242,2	1.306,2	249,1	220,6	414,3	429,7	477,1	3.339
2015*	316,9	1.320,5	254,3	250,3	431,7	537,0	508,2	3.619
2016*	234,0	1.316,0	259,1	235,1	434,9	412,4	495,1	3.387
2017	247,4	1.366,4	256,5	240,5	445,0	479,8	540,2	3.576
2018	248,2	1.399,9	259,4	241,5	444,8	486,3	503,2	3.583
2019	251,1	1.435,1	263,6	243,4	453,8	508,6	513,0	3.668
2020	254,8	1.464,4	266,3	244,9	463,2	510,6	517,8	3.722
2021	259,4	1.492,3	269,6	246,9	469,6	516,0	518,6	3.772
2022	262,9	1.530,9	273,3	249,3	476,2	532,8	522,4	3.848
2023	267,4	1.573,4	277,7	251,9	488,7	547,4	527,6	3.934
2024	273,0	1.621,7	282,8	255,0	497,8	566,4	534,0	4.031
2025	278,8	1.671,5	288,1	258,0	507,5	585,4	540,4	4.130
2030	301,4	2.025,7	311,4	266,9	550,1	624,1	551,2	4.631
2035	331,0	2.392,3	330,0	273,3	574,3	637,3	582,1	5.120
2040	358,4	2.743,9	348,1	277,9	605,2	655,3	610,6	5.599
2045	382,5	3.078,8	364,1	281,1	630,1	665,5	634,2	6.036
2050	404,6	3.404,2	378,9	282,8	650,7	674,7	655,5	6.451

Skýrsluna ásamt stuttri umfjöllun um helstu niðurstöður má nálgast á vef OS (<http://os.is/orkustofnun/frettir/nr/1869>).